



Need to Connect (NTC)
Verkefni Nr. 2021-1-IS01-KA220-YOU-000028985

Need to Connect

Samanburðarskýrsla

Útdráttur



Co-funded by
the European Union

The European Commission's support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents, which reflect the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.

Í þarfagreining á stöðu ungra mæðra í samstarfslöndum kom í ljós að þrátt fyrir að eftirlit með heilsu móður á meðgöngu og barns eftir fæðingu sé til staðar í öllum samstarfslöndunum þá skortir mjög á annars konar stuðning.

Í fyrsta lagi er lagaumhverfi og réttindi til fæðingarorlofs ólík á milli landa auk þess sem hugmyndir um foreldrahlutverkið eru ólíkar á milli landa. Í sumum löndunum er litið á móðurina sem aðal umönnunaraðilann en í öðrum löndum deila foreldrar þessu hlutverki með sér. Það að bera meginábyrgð á umönnun og uppeldi barna er bæði erfitt og getur leitt til einmanaleika.

Í öðru lagi kom fram að flestar ungar mæður upplifa að þær hafi stuðningsnet innan fjölskyldunnar, hjá vinum og í þeim samfélögum sem þær búa, hins vegar finnst sumum þeirra þær ekki vera með neitt stuðningsnet. Það er mikilvægt að horfa til samfélagsgerðar þegar byggður er upp samstarfs- og stuðnings vettvangur fyrir ungar mæður bæði til að ná til hópsins og til bjóða upp á viðeigandi stuðning við ólíka hópa.

Í þriðja lagi kom fram að skortur er á stuðningi við mæður til að ná jafnvægi milli starfsframa og móðurhlutverksins til dæmis með því að bjóða upp á leikskólaláss og önnur úrræði eftir að fæðingarorlofi lýkur. Skortur er á dagmæðrum og leikskólalássum á viðráðanlegu verði í öllum samstarfslöndunum.

Síðast en ekki síst, skortir í ÖLLUM samstarfslöndunum upp á stuðning tengdan andlegum og tilfinningalegum áhrifum móður- eða foreldrahlutverksins. Rannsóknir í samstarfslöndunum leiddu í ljós að það sem ungu mæðurnar þurfa er: stuðning í að aðlagast móðurhlutverkinu; með vísan í eigin tilfinningar, áhrif þess á sjálfsmynd þeirra og til að geta lagt gagnrýnt mat á það flóð upplýsinga, skoðana, neikvæðrar og skaðlegra staðalímnda sem birtast í netheimum.

Samstarfsaðilar Need to Connect verkefnisins vinna nú að því að þróa stuðning við ungar mæður byggt á niðurstöðum rannsókna í samstarfslöndunum.